

Fundur í skólaráði þann . 29.10. 2015.

Mættir eru: Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Sigríður Jóna Ingólfssdóttir, Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Hulda Margrét Sveindóttir fulltrúi nemenda, Elísabeth Ása Heimisdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari fulltrúi starfsmanna, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri

1. Starfsáætlun Síðuskóla 2015-2016. Búið er að senda drög að Starfsáætlun 2015-2016 í pósti til fulltrúa skólaráðs. Þeir sem búnir eru að lesa starfsáætlunina eru sáttir við hana og samþykka að hún sé send til fræðslustjóra og skólanefndar.

2. Umferðarmál kringum skólann. Loftmynd af skólalóð og bílastæði er varpað á tjald og sýndar breytingartillögur varðandi aðkeyrslu/útkeyrslu við skólann og gangstígum sem breytast ef af verður. Bent er á að huga þarf að því að aðgreina gangstéttina í Bugðusíðu og innkeyrsluna þannig að þær myndi ekki eina heild. Einnig að gangbraut eða gangstétt vanti fyrir þá sem búa austan Bugðusíðu. Skólaráð lýsir ánægju sinni með þessa tillögu þó betra hefði verið að fá gangstétt einnig austan Bugðusíðunnar. Áréttað að greinilegt þurfi að vera á gangstéttinni sem liggur að innkeyrslunni að þar fari bílar um svo fólk gangi/hjóli ekki óhikað áfram og hugi ekki að þessari innkeyrslu/útkeyrslu.

Nokkur umræða er um grenndargámana og óánægja með staðsetningu þeirra á skólalóðinni. Mönnum finnst óþrifnaður af þessu, aukin umferð bæði þeirra sem eru að henda og eins af hálfu þeirra sem losa gámana. Þá er einnig bent á að hávaði er mikill vegna þessa.

3. Niðurstöður rannsóknarinnar *Ungt fólk 2015*. Skýrslan var send út til allra starfsmanna og meðlima skólaráðs fyrir fundinn. Athygli vekur í niðurstöðum skýrslunnar að mörgum finnst þeir vera einmana og hitta ekki aðra krakka að skóla loknum. Þá var nokkur umræða um þær spurningar sem vísa á skólaleiða og erfiðleika í námi þar sem svarhlutfall er nokkuð hátt. Spurningar um bóklestur skoðaðar og það kemur fundarmönnum nokkuð á óvart hve hátt hlutfall les í 30-60 mínútur á hverjum degi. Nokkur umræða um lestur barna og unglinga í kjölfarið.

Önnur mál:

Matartími nemenda. Spurt um tímasetningar á matartíma en honum var flýtt nú í vetur. Fulltrúi nemenda lýsir ánægju. Sumir foreldrar hafa ekki heyrt kvartanir um þetta en öðrum finnst þetta of snemmt og finnst börnin vera of södd þegar þau fara í mat þar sem stutt er síðan þau voru í nesti. Einnig verða þau svöng þegar líður á daginn.

Kosningar á árshátíð unglinga. Lagt er til að kosningar um kóng og drottningu, prins og prinsessu o.þ.þ. verði lagðar niður. Fulltrúar skólaráðs eru sammála því að þetta sé óheppilegur siður og ákveðið að þetta verði ekki gert á árshátíðum skólans.

Fleira markvert ekki rætt. Fundi slitið kl. 16.05.